

Glerlist, menning og viðskipti í Danmörku



Á annað hundrað gesta, voru við opnun glerlistasýningar Elinborgar Kjartansdóttur í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn þann 18. nóvember sl. Sýningin kallast "The Orb Collection" og eru flest verkanna hringlaga veggskúlpútur úr endurunni gleri.

Í ræðu sinni við opnun sýningarinnar sagði Þorsteinn Pálsson Íslendinga ávallt stolta þegar að íslenskum fyrirtækjum tækist að hasla

sér völl erlendis, en að Íslendingar væru sérlega stoltir þegar listamönnum þeirra vegnaði vel á erlendri grund.

Meðal gesta á opnunni voru danskir arkitektar og hönnuðir auk áhugafólks um myndlist og menningu. Þorsteinn Pálsson sendiherra segir sýninguna tilraun þar sem anddyri sendiráðsins er nýtt sem sýningarsvæði. "Það má segja að sýning Elinborgar hér í sendiráðinu sé lifandi dæmi um breyttar áherslur utanríkisþjónustunnar þar sem mjög svo aukin áhersla er lögð á að styðja við útrás íslensks viðskipta- og menningarlífs. Okkur finnst tilvalið að nýta þá góðu aðstöðu sem við höfum yfir að ráða í nýlegum húsakynnum sendiráðsins til að halda uppákomur sem þessa".

Sendiherrann segir töluverða gerjun vera í íslensku menningar- og listalífi í Danmörku. Hann nefnir sem dæmi að í glerlistasafninu í Ebeltoft er nú sýning á verkum Sigrúnar Einarsdóttur, Ólafar Einarsdóttur og Søren Nielsen. Sú sýning kemur síðan til Kaupmannahafnar á næsta ári. Í Kerteminde er svo yfirlitssýning 150 sögu íslensks landslagsmálverks með verkum fremstu íslenskra og danskra málara. Sú sýning kemur einnig til Kaupmannahafnar í byrjun næsta árs. Þorsteinn Pálsson nefnir einnig til sögunnar Gallerí Nordlys á Friðriksborgargötu í Kaupmannahöfn, en þar er sýnd íslensk myndlist og seldir ýmsir munir eftir íslenska listamenn. Þá er myndlistamaðurinn Tólli í þann mund að opna vinnustofu í hjarta Kaupmannahafnar og íslenski hönnuðurinn Dögg Guðmundsdóttir hefur verið starfandi í Kaupmannahöfn í þó nokkurn tíma við góðan orðstýr. "Síðast en ekki síst hefur Tryggvi Ólafsson, myndlistamaður fyrir löngu haslað sér völl hér í dönsku myndlistarlífi".

"Menningin hefur þannig ekki síður mikilvægu hlutverki að gegna en viðskiptalífið þegar íslensk útrás er annarsveggar. Í þessu sambandi tel ég að viðskiptalífið og menningarlífið eigi tvímælalaust samleið. Á viðskiptamáli er oft talað um *samlegðaráhrif* og ég held að það hugtak lýsi nokkuð vel mikilvægi þess að tvinna þessa tvo heima saman þegar íslensk útrás á í hlut.

Sendiherrann segir þá miklu aðstöðubreytingu sem hafi orðið hjá sendiráðinu fyrir um ári síðan hafi gert því mun betur kleift að þjóna íslensku viðskipta- og menningarlífi í Danmörku. "Auk þess sem anddyrið nýtist sem sýninga- og ráðstefnusalur

getum við að auki boðið íslenskum útrásarfyrirækjum að leigja fundaraðstöðu hjá okkur. Reynsla fyrirtækjanna hingað til hefur verið afar jákvæð. Fyrirtækin eru á heimavelli þó svo að fundirnir fari fram erlendis. Þá var ráðinn viðskiptafulltrúi við sendiráðið fyrr á þessu ári og því má segja að búið sé að viðskiptavæða sendiráðið að fullu".



Þorsteinn Pálsson sendiherra og Elinborg Kjartansdóttir myndlistarmaður

Kristján Steingrímur sýnir í miðstöð norrænu sendiráðanna í Berlín

Myndlistarsýningin "Í FÓKUS" með yfirlitsverkum Kristjáns Steingríms Jónssonar myndlistarmanns, var opnuð í "Felleshúsi", sameiginlegu húsi norrænu sendiráðanna í Berlín af Auði Eddu Jökulsdóttur sendiráðunaut. Listfræðilegur ráðunautur sýningarinnar er Ólafur Kvaran safnstjóri Listasafns Íslands. Sýningin verður opin til 31. desember nk. Á opnunarkvöldinu var boðið upp á íslenskt sjávarfang frá fyrirtækjunum SH og SÍF í Þýskalandi og konfekt frá Nóa-Síríus. Meðal annarra styrktaraðila sýningarinnar eru: Icelandair, Eimskip, Alcan, Samskip og Scandotel Berlín. Utanríkisráðuneytið lagði sýningunni til veglegan styrk en einnig menntamálaráðuneytið, Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Listaháskóli Íslands og Þýsk-Íslenska verslunarráðið.

Kristján Steingrímur, fæddur Akureyringur (1957), stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands í Reykjavík og Hochschule für Bildende Künste í Hamborg á árunum 1983 til 1987 hjá prófessor Bernd Koberling. Hann er prófessor og deildarforseti við Listaháskóla Íslands. Viðfangsefni Kristjáns Steingríms er náttúran og upplifun okkar á henni. Kristján Steingrímur vinnur með ljósmyndir teikningar og málverk. Á sýningunni eru málverk frá síðustu tíu árum.

